

meiri en 45 kílómetrar á klukkustund á aðalbrautum og 25 kílómetr. á klst. á öðrum götum bæjarins. 96

Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum bugðum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, þar sem skóli er og þar sem mikil umferð er, skal gæta sérstakrar varúðar, og má aldrei aka þar hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. 14. júlí

Að öðru leyti gilda um umferðina ákvæði umferðarlaga frá 2. maí 1958.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

97

14. júlí

um breyting á gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955.

Héraðsrafmagnsveitum ríkisins er heimilt að hækka gjöld samkvæmt gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins, nr. 107 24. maí 1955, um 20% frá 1. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 41 22. apríl 1958, um sama efni.

Atvinnumálaráðuneytið, 14. júlí 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

98

18. júlí

um breytingu á gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, yfir rannsóknir, er Atvinnudeild Háskólans annast.

Atvinnudeild Háskólans er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá nr. 20 16. febr. 1955, um rannsóknir, sem Atvinnudeild Háskólans annast, með 30% viðauka frá 20. júlí 1958 að telja, þar til annað kann að verða ákveðið.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 68 7. maí 1940, um náttúrurannsóknir, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 18. júlí 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Gunnlaugur E. Briem.